

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21.03.2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um 40 stunda vinnuviku (stytting vinnutíma), 165. mál.

SAMLEIK-R, Samtök foreldra leikskólabarna í Reykjavík, styður styttingu vinnuvikunnar. Stytttri vinnudagur myndi gagnast yngstu börnunum mest, dagvistunartími þeirra myndi styttest og samvera með foreldrum aukast. Stytttri vinnudagur gæti líka boðið upp á meiri sveigjanleika á vinnumarkaði og það gæti stytt dagvistunarpörf barna enn meir. Þetta er enn meira aðkallandi nú, á tímum manneklu í dagvistun barna hjá dagforeldrum og leikskólum, en var fyrir tveimur árum.

Ýmsar rannsóknir, innlendar og erlendar, benda á að börn þurfa mikla tengingu við þau sem næst þeim standa, á unga aldri. Má þar benda á bókina: „Árin sem enginn man“ eftir Sæunni Kjartansdóttur. Tengsamyndun yrði því meiri milli foreldra og barna sem fengju bæði meiri tíma saman og meiri gæðatíma því þau væru ekki eins þreytt, í lok stytttri vinnudags, og nú er.

Tilraunaverkefni um styttingu vinnutíma hafa gefið góða raun fyrir starfsfólk leikskóla hjá Reykjavíkurborg. Dregið hefur úr veikindum og starfsánægja aukist. Ánægt starfsfólk leikskóla hefur jákvæð áhrif á börn á leikskólum, með meiri stöðugleika.

Virðingarfyllt,



f.h. Samtaka foreldra leikskólabarna í Reykjavík